

## L Ö G

22

24. marz

um breyting á lögum nr. 69 27. júní 1941, um sparisjóði.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Síðasta mgr. 24. gr. laganna falli niður, en í stað hennar komi:

Geta þá skuldheimtumenn sjóðsins, svo og ráðherra, sem fer með bankamál, ákveðið, að sjóðurinn verði tekinn til gjaldþrotameðferðar. Skipar ráðherra þá tvo skiptaforstjóra, er auglýsa innköllun til sparifjáreigenda og annarra skuldheimtumanna sjóðsins á venjulegan hátt, krefja inn skuldabréf hans og selja eignir hans.

Skiptagerð sendist sparisjóðseftirliti, og úrskurðar það kostnaðarreikning við skiptin, sem greiðist af fé sparisjóðsins.

Nú óska eigendur eða ábyrgðarmenn sparisjóðs á aðalfundi hans að leggja hann niður, án þess að um gjaldþrot sé að ræða, og skulu þeir þá leita samþykkis ráðherra, sem fer með bankamál.

Aðalfundur kýs tvo skilaneftarmenn til þess að ljúka reikningsuppgjöri sjóðsins, og skulu þeir löggiltir af ráðherra, sem fer með bankamál.

Skilaneftnd getur gefið út innköllun til skuldheimtumanna sparisjóðsins, þar með eru taldir innstæðueigendur. Innköllunarfræstur skal eigi vera styttri en 6 mánuðir. Þeir, sem ekki lýsa kröfum sínum á hinum tiltekna fresti, missa kröfurétt sinn gagnvart sjóðnum. Skiptagerð skal senda sparisjóðseftirliti.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. marz 1944.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Ólafsson.*